

árabil baðst undan endurkjöri vegna vanheilsu og við starfi forseta tók Kjartan Guðnason. Þórði voru færðar þakkir fyrir margvísleg og góð störf í þágu SÍBS og hann var sæmdur æðsta heiðursmerki SÍBS, gullmerki sambandsins.

Mestur tími þessa þings fór í umræður um lagabreytingar sem urðu nokkrar. Brjóstholssjúklingar eru nefndir víðar en áður og inn í 4. grein kom viðbót: „Aðrir geta verið félagar og geta deildirnar veitt þeim félagsréttindi önnur en kjörgengi á þing SÍBS.“ Var þar komið til móts við fyrri tilögur Sjálfsvarnar á Reykjalundi.<sup>69</sup>

Þingstörfum var lokið á tveimur dögum í stað þriggja, sem verið hafði allt frá og með 6. þingi 1948. Var sá háttur oftast hafður á áfram að ljúka þinginu á tveimur dögum, þó frávik væru frá því.

### Trésmiðjan í Silfurtúni

Á árinu 1950 stóðu yfir viðræður stjórnar SÍBS og ríkisins um kaup á trésmiðju sem ríkið hafði eignast og rak í Silfurtúni í Garðahreppi. Oddur Ólafsson kvaðst hafa átt tal við Hermann Jónasson ráðherra, sem spurði hann hvort SÍBS myndi vilja kaupa trésmiðjuna fyrir kr. 700.000. Henni fylgdu verkstæðishús

úr steinsteypu, um 760 m<sup>2</sup> og ýmsar trésmiðavélar að verðmæti kr. 2–300 þúsund. Málinu var vísað til fjárhagsnefndar, sem fékk matsmenn til að skoða húsin og vélarnar. Þak var orðið lélegt á húsunum að dómi þeirra og gólfraki var í kjallara. Vélnar voru taldar um 300.000 króna virði og í allgöðu ástandi. Rætt var um möguleika á að starfrækja trésmiðjuna áfram á staðnum og veita þar með allt að 20 manns atvinnu. Ókostur var þó talin staðsetning verkstæðisins, þar sem flytja þyrfti starfsmenn að og frá vinnu og að einnig myndi fljótlega þurfa að byggja starfsmannahús við verkstæðið. Því var þessu tilboði ríkisins hafnað, um kaup á húsi og vélum fyrir kr. 700.000.<sup>70</sup> Úr varð þó síðar að stjórn SÍBS féllst á að taka við Trésmiðju ríkisins við Silfurtún fyrir kr. 600.000 gegn tveggja ára byggingarstyrk ríkisins, kr. 300.000 hvort ár, sem skyldi verða greiðsla fyrir eignirnar. Það þýddi hins vegar að ekki fékkst framlag í peningum þau ár til bygginga á Reykjalundi. Trésmiðjan ásamt vélakosti var síðan afhent Vinnuheimilinu að Reykjalundi sem stofnframlag frá SÍBS að upphæð kr. 600.000. Jafnframt var óskað álits stjórnar Vinnuheimilisins um hvaða framleiðsla væri heppileg og hvort hún teldi rétt að starfrækja trésmiðjuna áfram í Silfurtúni þar til vinnuskálabyggingar væru til reiðu. Var stjórnin á því að smíði



Þessi mynd er ekki frá trésmiðju ríkisins í Silfurtúni, heldur af trésmiðum að störfum í nýju vinnuskálanum á Reykjalundi á sjötta áratugnum. E.t.v. eru þarna vélar úr Silfurtúni.

óðýrra húsgagna væri hentug framleiðsla og fól framkvæmdastjóra og yfirlækni að athuga rekstrargrundvöll fyrir slíkri framleiðslu. Var tekið rekstrarlán að upphæð kr. 300.000 og tveir menn ráðnir til að hafa umsjón með daglegum rekstri trésmiðjunnar í Silfurtúni, þeir Jóhann Hallgrímsson og Sigurður Jónsson. Reksturinn gekk illa og lyktir urðu þær að verksmiðjuhúsið var selt fyrir kr. 412.000 og vélarnar ýmist fluttar upp að Reykjalundi eða seldar.<sup>71</sup>

### Landakaup og búskaparhugmyndir

Oddur Ólafsson var mikill ákafamaður og oft skjótur til ákvarðana ef hann sá gott tækifæri. Dæmi um það er eftirfarandi bókun stjórnar Vinnuheimilisins:

Ákvarðanir um kaup á landi. Árni Einarsson hafði framsögu. Kvað hann Odd Ólafsson hafa á síðasta fundi sagt frá kaupum á landskika úr Sólvallalandi. Láðst hefði að leita samþykkis þessarar ráðstöfunar og því væri það mál nú tekið fyrir. Óskaði hann samþ. stjórnarinnar til að leggja málið fyrir sambandsstjórn SÍBS á þeim grundvelli að kaupverðið, kr. 4.000 yrði tekið inn í framlag til landsins í ár. Samþ. samhlj.<sup>72</sup>

Oddur greindi þó stjórn SÍBS fyrst frá þessu ári síðar þegar hann tilkynnti um önnur landakaup

... sem hann hefði gert án þess að bera það undir sambandsstjórnarfund. Hins vegar hefði það verið rétt á fundi vinnuheimilisstjórnar og sú stjórn því fylgjandi, en sökum þess að þessu þurfti að hraða hefði ekki verið tækifæri til að bera það undir sambandsstjórnarfund.

Þetta var land vestan Varmár, aðliggjandi landi Reykjalundar sem kostaði 130 þúsund en hálfbyggðan sumarbústað, sem fylgdi, og sumarbústaðalóð mætti selja strax aftur fyrir 100.000 krónur. Með þessu væri greið leið að Reykjalundi og ekki hætta á byggingum í nágrenninu. Einnig sagði Oddur býlið Markholt til sölu og væri stjórn VAR meðmælt kaupum á því. Landið væri 28 hektarar með íbúðarhúsi en:

Skepnuhús engin, aðeins bragar fyrir hlöðu og óhæft hús eftir setulið fyrir fjós. Þessir 28 hektarar væru að mestu óræktaðir en framræstir, aðeins 9 hektarar slægt land. Söluverð kr. 195 þúsund. ... Í viðbót við þetta væri svo bústofn og jarðræktarverkfæri á Álfsnesi, sem sömu aðilar mæltu með kaupum á og fengist fyrir kr. 90 þúsund, en þyrfti ekki að borgast á þessu ári. Bústofninn væri 20 nautgripir, 16 mjólkandi kýr og fjögur geldneyti. Það sem fyrir sér og stjórn VAR vakti, væri að búa sem mest að sínu eigin, enda væru mjólkurkaupin orðin stór útgjaldaliður, einnig væri slæmt útlit með iðnaðinn, en vistfólk mætti nota í heyskapinn.<sup>73</sup>

Forseti átalði Odd fyrir jarðakaupin án heimildar sambandsstjórnar.



Oddur Ólafsson var áhugasamur um búskap og ræktun og umhugað um að vinnuheimilið hefði ávallt nóg af landbúnaðarvörum.

Hins vegar hefði búskap alla tíð verið ætlaður sess í starfsemi Reykjalundar. Á sama veg voru undirtektir annarra stjórnarmanna. Tillaga Odds um að kaupa land ásamt bústofni frá Álfsnesi var þó samþykkt.


Þetta fékk ítarlega umræðu í stjórn VAR og var m.a. leitað álits bænda í sveitinni. Töldu margir stjórnarmenn þetta allt of mikla fjárfestingu á sama tíma og leitað væri logandi ljósi að peningum til uppbyggingar á Vinnuheimilinu. Í atkvæðagreiðslu hjá stjórn Vinnuheimilisins var þetta samþykkt með tveimur atkvæðum, en aðrir sátu hjá. Þá lét Oddur bóka: „Vegna þess að aðeins minnihluti stjórnarinnar greiddi tillögunni atkvæði mun ég bera málið upp fyrir stjórnina á ný.“<sup>74</sup>

Til þess kom þó ekki því á næsta fundi stjórnar Vinnuheimilisins sagði Oddur frá því að Markholt hefði verið selt skömmu eftir þessa samþykkt. Þrátt fyrir að VAR hefði getað gengið inn í kaupin sagðist Oddur ekki hafa séð ástæðu til þess eftir afgreiðslu stjórnar vinnuheimilisins á síðasta fundi. Þessar búskaparhugmyndir urðu því ekki að veruleika, þrátt fyrir að einnig væri rétt um að taka á leigu land frá Reykjum.

Jón Guðmundsson, bóndi á Reykjum seldi Reykjalundi mjólk þegar þetta var, en Oddur óttaðist að hann myndi ekki anna þörfinni. Jón segir svo frá:

Á þessum árum var skortur á landbúnaðarvörum og það þótti ákaflega góð trygging að geta haft búskap. Af þeim ástæðum

keypti Oddur kýr af Þorláki Kristjánssyni í Álfsnesi, sem hætti búskap, og ætlaði sér að tryggja þannig nægjanlega mjólk fyrir Reykjalund. Þá var þegar starfrækt svínabú og hænsnabú á vinnuheimilinu. Þessar kýr komu hingað upp að Reykjum vorið 1951. Það var svo sem allt í lagi að sinna fleiri kúm en komust í fjósið að sumarlagi en ekki var nú leggjandi út í veturinn með slíkt fyrirkomulag. Þá gerðist það að Oddur hvatti mig til að setja fjósið í betra stand og kaupa kýrnar. Ég gerði það og var þar með kominn með 35 kýr. Ég endurbyggði hluta af fjósinu alveg og endurbætti það mikið og þar með fékkst nægjanlega mikil mjólk fyrir Reykjalund.<sup>75</sup>



*Jón Guðmundsson bóndi á Reykjum sá Reykjalundi fyrir mjólk og fleiri nauðsynjum.*

Hænsnabú var þó á Reykjalundi ásamt nokkrum svínum fram að bruna á útihúsum í árslok 1954. Þá lagðist búskapur af á staðnum.

Þess má geta að Oddur Ólafsson bað, á 155. fundi stjórnar SÍBS, um heimild til að semja við borgarstjórnann í Reykjavík um skipti á hitaveituréttindum. Þar er átt við, skv. athugasemd við fundargerðina,

... að þau réttindi sem VAR hrepti við jarðakaup af dánarbúi Sveins heitins frá Álafossi komi í skipti fyrir þá heitavatsborholu er við höfum nú afnot af en Reykjavíkurbær á.<sup>76</sup>

Keypt var land í Skammadal árið 1952. Átta hektarar fengust fyrir kr. 60.000 og tveir hektarar í viðbót (sunnan Arnarfells), voru einnig keyptir fyrir kr. 40.000.<sup>77</sup>

Ýmis tilboð bárust um jarðeignir til sölu, m.a. árið 1957 bauð Guðlaugur Rósinkrans SÍBS að kaupa jarðeignir Norræna félagsins á Þingvöllum fyrir 75–100 þúsund krónur. Ekki var




*Landrými í Mosfellssveitinni var nægilegt á þessum tíma og oft mátti kaupa skika á góðu verði. Hér sér yfir í Skammadal í bakgrunni.*

það talið heppilegt, m.a. vegna óvissu um kvaðir á eignarhaldinu. Guðlaugur tók málið upp aftur ári seinna. Þá bauðst 7 ha. land, Kárastaðanes, fyrir um 100.000 krónur. Málið var sett í nefnd, m.a. vegna áhuga Berklavarnar í Reykjavík að byggja þarna sumarbústaði. Áhugi var nokkur fyrir þessu en eftir athugun hjá Þingvallanefnd kom fram að Guðlaugur hafði ekki ráðstöfunarétt yfir landinu. Ekki varð því að kaupum. „Kaupin talin frágangssök.“<sup>78</sup>

### Byggingamál að Reykjalundi

Byggingarframkvæmdir á Reykjalundi voru afar oft á dagskrá stjórnar SÍBS. Frá upphafi hafði verið byggt nær samfellt á Reykjalundi og umsjá með þeim framkvæmdum var jafnan á hendi framkvæmdastjórnanna, Árna Einarssonar og Odds Ólafssonar. Yfirleitt var samvinna ágæt á milli stjórnar SÍBS og stjórnenda Reykjalundar, en því meir sem umfang reksturs og framkvæmda óx því oftar kom upp núningur. Einkum var það varðandi framkvæmdir og ákvarðanir sem stundum þurfti að taka hraðar en svo víðtækt samráð leyfði, a.m.k. að mati stjórnenda á Reykjalundi. Viðtekin regla var að fasteignir og meiriháttar fjárfestingar átti að bera undir sambandsstjórn, en annað var ákveðið af stjórnendum Reykjalundar, ýmist stjórn



*Stöðugt var byggt á Reykjalundi.*

eða framkvæmdastjórum. Dæmi um þetta eru orðaskipti á stjórnarfundi SÍBS 1954:

Í annað sinn, árið 1954, þá spurdist Marías Helgason fyrir um það, hverju sætti að sumarbústaður sem keyptur hafði verið af Kolbeini Sigurðssyni væri horfinn af landareign Reykjalundar. Oddur Ólafsson varð fyrir svörum og kvaðst hafa tekið sér það vald, að selja bústaðinn, vegna þess að hann hefði talið það hagkvæmt.<sup>79</sup>

Um þetta urðu miklar umræður og Marías taldi hæpið að selja mætti fasteignir án samþykkis sambandsstjórnar og auk þess vafasamt hvort slíkt væri leyfilegt gagnvart veðhöfum. Sitt sýndist hverjum um þetta. Oddur og Árni Einarsson viðurkenndu að ekki væri fylgt ströngustu reglum, en með velvilja mætti líta á þetta sem framkvæmdaatriði sem heyrdi undir framkvæmdastjóra Vinnuheimilisins. Oddur sagði einnig að hann hefði á undanförunum árum oft orðið að taka miklu afdrifaríkari ákvarðanir og ekki hlotið ámæli fyrir. Umræður urðu nokkuð heitar um þetta og í fundarlok óskaði Oddur eftir að verða leystur frá störfum sem framkvæmdastjóri nýbygginga á Reykjalundi og Árni Einarsson tók í sama streng, það gat því hitnað í kolum í samskiptum manna, þrátt fyrir almennt mikla samstöðu. Þessi beiðni var svo tekin fyrir nokkru síðar og þá töldu menn tæplega vera hægt að undanskilja byggingaumsjón rekstri og stjórn á staðnum. Árni sagði nær ómögulegt að losna við þá umsjá meðan þeir væru þar við störf. Var ákveðið að beina því til fjárfestingarnefndar að framvegis myndu þeir Árni og Oddur fá þóknun fyrir þessu störf, kr. 12.000 á ári, og forseti, Marías Guðmundsson, sömu þóknun, en hann hafði aldrei þegið laun fyrir störf sín.<sup>80</sup> Eftir að fjárfestingarnefndin hafði rætt aftur við þá Árna og Odd þá afþökkuðu þeir þessar greiðslur og sinntu þessum störfum áfram án þess að sérstaklega væri greitt fyrir þau.



### Hótel Borg til sölu

Undir liðnum önnur mál kvaddi Oddur Ólafsson sér hljóðs á fundi stjórnar SÍBS vorið 1955 og sagðist vita að Hótel Borg væri til sölu fyrir 15 milljónir króna.

Taldi hann ekki með öllu óhugsandi að láta sér til hugar koma kaup á þessu stórhýsi í félagi við önnur samtök, eins og t.d. Rauða kross Íslands og Slysavarnarfélagið, sem bæði væru á höttunum eftir húsnæði.

Litlar umræður urðu um þetta. Fundarmenn sátu sem þrumu lostnir og alls ófærir um að láta í ljósi nokkra skoðun á svo stórfenglegri fyrirætlun.

(198. fundur stjórnar SÍBS, 13. apríl, 1955).

### Þjálfunarstöð tekur til starfa á Reykjalundi

Berklasjúklingum á Reykjalundi fækkaði jafnt og þétt og rými skapaðist fyrir aðra öryrkja. Með þessu breyttust verkefni, vinnuaðstaða og vinnuval. Ýmsar ráðstafanir voru gerðar til að sinna þörfum hinna nýju vistmanna. Sjúkleiki þeirra var af ýmsum toga, en flestir þurftu á endurhæfingu að halda vegna slysa, lamana, gigtjúkdóma og taugaveiklunar. Í mörgum tilvikum voru teknir vistmenn af sjúkrahúsum, sem talið var að gætu haft gagn af endurhæfingu. Bæði létti það á sjúkrahúsunum og hins vegar var það Reykjalundi hagstætt að fá til endurhæfingar fólk sem vandlega hafði verið rannsakað frá læknisfræðilegu og heilsufarslegu sjónarmiði.<sup>81</sup>

Þingkjörin nefnd um öryrkjamál starfaði undir forystu Odds Ólafssonar. Hann sagði stjórn SÍBS frá því á fundi í ársþingjun 1960

... að nefndin hefði á þrjónunum ráðagerðir um að koma upp rannsóknar- og þjálfunarstöðvum á tveimur stöðum fyrir öryrkja og leitað hefði verið eftir því hvort önnur stöðin gæti verið að Reykjalundi. Hefir stjórn Reykjalundar samþykkt það fyrir sitt leyti. Sambandsstjórn samþykkir einnig fyrir sitt leyti að komið verði á fót slíkri rannsóknar- og þjálfunarstöð á Reykjalundi og mun leggja málið fyrir næsta sambandsþing.<sup>82</sup>

Ekki var gerð bein samþykkt á þinginu um stofnun slíkrar þjálfunarstöðvar en lagabreyting sem samþykkt var á 12. þinginu hafði það í för með sér að allir öryrkjar af völdum brjóstholssjúkdóma gátu nú fengið full félagsréttindi og vist á stofnunum SÍBS samkvæmt nánari reglum.


Undirbúningur að þjálfunarstöðinni hélt áfram á Reykjalundi. Árið 1961 var Jón Ásgeirsson, physiotherapeut, ráðinn til starfa

á Reykjalundi. Hann hafði til umráða eitt herbergi og var við störf eitt síðdegi til að byrja með, en síðar 2–3 síðdegi í viku hverri. Jón hætti störfum í árslok 1962. Sjúkraþjálfunardeildinni var síðan fundinn staður í kjallara aðalbyggingar þar sem áður var starfrækt járnsmiðja.


Haukur Þórðarson læknir var sérmenntaður í þessari grein læknisfræðinnar og hafði starfað við hliðstæða þjálfunarstöð í Bandaríkjunum. Hann var ráðinn að Reykjalundi til að stjórna þessari nýju stöð og tók hann fyrsta búnað deildarinnar með sér heim frá Bandaríkjunum. Ráðinn var sjúkraþjálfari til starfa, John Langelyd, og tveir aðstoðarmenn.

Deildinni var þröngur stakkur sniðinn í kjallaranum. Fljótlega var ráðist í byggingu sundlaugar, sem var frekar frumstæð þ.e. plastdúkur á járnrind. Laugin var mikið notuð og stórhuga menn sáu fljótt að þörf væri á stærri og betri laug. Aðalbygging var lengd til vesturs og steipt sundlaug byggð í kjallaranum árið 1970.<sup>83</sup>

Endurhæfingarstofnun Reykjalundar, þjálfunarstöðin, var tekin í notkun 15. febrúar 1963. Hér var um að ræða nýja starfsemi hér á landi og þótti einkum mikilvægt að fá menntaðan sérfræðing, Hauk Þórðarson, til þess að stýra þessari starfsemi. Um þetta leyti voru berkla sjúklingar aðeins um helmingur vistmanna á Reykjalundi, samkvæmt upplýsingum Odds Ólafssonar.<sup>84</sup> Nánar er greint frá starfsemi stöðvarinnar í kafla um Reykjalund.



Haukur Þórðarson var fyrsti menntaði endurhæfingarlæknirinn hér á landi.



Fyrsta sundlaugin var frumstæð, en steipt sundlaug tók við í kjallaranum 1970.

### Læknamiðstöð á Reykjalundi

Með bréfi dags. 30. janúar 1966 frá Oddi Andræssyni til stjórnar Vinnuheimilisins á Reykjalundi var farið fram á það, fyrir hönd þeirra hreppa sem stóðu að Álafosslæknishéraði og forstöðumanna sjúkrasamlaga á svæðinu, að samstarf gæti tekist með læknum Reykjalundar og héraðslækni um stofnun læknamiðstöðvar á Reykjalundi, þar sem héraðslæknir hefði aðsetur. Þeim Oddi Andræssyni, Salóme Þorkeldsdóttur og Jóni Ólafssyni hafði verið falið að vinna að þessu máli í samvinnu við Reykjalundarfólk. Haft hafði verið samráð við embætti landlæknis og ráðuneyti heilbrigðismála, sem ekki gerðu athugasemdir við þessa skipan mála, ef samningar næðust.<sup>85</sup>

Sagt er frá aðdragandanum í *SÍBS bókinni*, líklega eftir upplýsingum frá Oddi Ólafssyni: Nokkru eftir að Reykjalundur tók til starfa kom til tals að héraðslæknirinn í Álafosslæknishéraði fengi þar starfsaðstöðu. Mörg rök hnigu að því að slíkt væri heppilegt. Reykjalundur er í þéttbýliskjarna héraðsins, margvísleg tæki voru þar og önnur aðstaða sem ekki var fyrir hendi meðan héraðslæknirinn vann einn og út af fyrir sig. Úr þessu varð þó ekki um sinn og var ákveðið að reisa læknisbústað fyrir héraðið að Varmá. Árið 1966, þegar nýr læknir fékk veitingu fyrir héraðinu, stóðu mál þannig að læknisbústaðurinn var enn ekki tilbúinn og aðstaða læknisins öll hin erfiðasta.<sup>86</sup>

Nokkru fyrir kom fyrrgreint bréf til stjórnar VAR. Vinnuheimilisstjórnin taldi í fyrstu nokkra annmarka á þessu og vísaði málinu til sambandsstjórnar, sem kaus nefnd í málið. Þar var bent á kostnað sem þessu myndi fylgja en þó talið heppilegt að svara erindinu jákvætt.<sup>87</sup>

Haft var samband við landlækni og leitað eftir afstöðu hans, en hann vildi að skipaður yrði læknir í héraðið áður en hægt væri að taka ákvörðun um þetta. Í júní 1966 var Friðrik Sveinsson skipaður héraðslæknir í Álafoss-héraði. Hann fékk fljótlega starfsaðstöðu á Reykjalundi og samið var um aðstöðu héraðslæknisins þar. Tókst góð samvinna með honum og læknum stadarins. Þeir sinntu sjúklingum úr héraðinu þegar héraðslæknirinn var bundinn annars staðar og allir læknarnir skiptu með sér kvöld-, nætur- og helgidagavöktum. Með þessu nutu héraðsbúar aukins öryggis og betri þjónustu en annars hefði orðið.<sup>88</sup> Aðsetur héraðslæknis og heilsugæslu var á Reykjalundi í meira en þrjátíu ár, eða fram til áramóta 1997–1998. Þá voru aðstæður breyttar. Reykja-

lundur var ekki lengur heilbrigðisstofnun langt uppi í sveit, heldur hafði orðið fjölmennt þéttbýli úr sveitahéraðinu, Mosfellsbær, sem bar nafn bæjar í stað hrepps áður.

### Samstarf SÍBS og Geðverndarfélags Íslands

Fljótlega eftir að Reykjalundur opnaði dyr sínar fyrir öryrkjum öðrum en berkla sjúklingum á sjötta áratugnum var farið að annast fólk með þunglyndi og fleiri geðraskanir. Árið 1967 fékk stjórn Reykjalundar erindi frá Geðverndarfélagi Íslands.

Oddur skýrði erindi þetta, sem er hvort Reykjalundur vildi lofa fastlega 16–20 plássum fyrir geðveika, svipað og oft hefur verið hér, gegn því að þeir legðu fram fé til byggingu þeirra 4ra smáhýsa er óbyggð eru og sérfræðilega læknisadstöð. Oddur gat þess að hann teldi okkur fremur til sóma ef við sæjum okkur fært að sinna þessu erindi. Stjórnin lýsir samþykki sínu í þessu máli og felur Oddi og Árna að semja um það nánar.<sup>89</sup>

Oddur tók fram að í raun væri ekki um breytingu að ræða fyrir Reykjalund, þar sem slíkir sjúklingar hafi lengi dvalið á staðnum.

Samkomulag var síðan gert við Geðverndarfélag Íslands um að félagið reisti þrjú lítil vistmannahús, í neðstu röð húsa þessara, sem samsvaraði 12 rúmum. Húsin verði merkt með skjöldum sem sýni að Geðverndarfélagið hafi byggt þau.

Skal SÍBS hafa hafa öll ráð og umsjón um notkun þeirra, sem væru þau eign sambandsins. Ekki taldi stjórn SÍBS neitt óeðlilegt eða óhagkvæmt við þessa ráðstöfun, enda hefur sambandið haft fjölda af skjólstæðingum Geðverndarfélagins á sínum vegum til lækninga og umönnunar um margra ára skeið. Engin áhrif mun þetta hafa á óskorað húsbóndavald SÍBS í Reykjalundi og hefur enda hvergi örlað á tilhneigingu til að hnekkja því.<sup>90</sup>



Hér má sjá tvö hús í byggingu við Neðribraut, líklega þau sem Geðverndarfélagið reisti á Reykjalundi.

Þessi síðasta athugasemd í skýrslu stjórnar SÍBS til 16. þings sambandsins 1968 bendir til þess að þessi samningur við Geðverndarfélagið hafi e.t.v. verið umdeildur og hafi því þurft að skýra eðli hans og tilgang rækilega fyrir félagsmönnum. Ákvæði voru í samningum um að ef Reykjalundur af einhverri ástæðu hætti að sinna þessari þjónustu þá fengi Geðverndarfélagið verð húsanna endurgreitt eftir mati aðila er ríkisstjórnin kallaði þar til.

Þess má geta að Sjálfsvörn að Reykjalundi ræddi byggingu þessara húsi á fundum sínum árið 1967. Voru þar uppi efasemdir um að húsin væru nægilega stór til að mæta þörfum þeirra sem þar áttu að búa en að öðru leyti lýst yfir ánægju með byggingu þeirra. Var þetta rætt á nokkrum fundum og samþykkt að senda tillöguna til stjórnar SÍBS, en af því varð ekki og stjórnarmenn felldu fyrri ályktun úr gildi.<sup>91</sup>

Í fundargerð aðalfundar Geðverndarfélags Íslands 25. apríl 1967 segir m.a.:

... Formaður skýrði framkvæmdáætlun félagsins, en þar er gert ráð fyrir enn nánara samstarfi við yfirstjórn SÍBS að Reykjalundi. Yfirstjórn Reykjalundar hefur ávallt sýnt málefnum geð- og taugasjúklinga í afturbata mikla velvild, og veitt þeim sjúklingum – sem öðrum – ómetanlega aðstöðu til endurhæfingar.


Þórður Benediktsson, framkvæmdastjóri SÍBS kvaddi sér hljóðs á fundinum, og kvað hann það mikinn heiður að hin útrætta hönd SÍBS beindist nú að baráttumálum Geðverndarfélags Íslands. Samstarfið væri heils hugar og óskaði Þórður Geðverndarfélaginu og hugsjónum þess gengis og blessunar.<sup>92</sup>

Þessi samvinna Reykjalundar og Geðverndarfélagsins hefur reynst báðum aðilum mjög farsæl og er ekki vitað til að þar hafi borið skugga á frá upphafi.

### Cirkus Zoo

Þrátt fyrir rekstur Vöruhappdrættisins héldu SÍBS menn upp-teknum hætti að auka tekjurnar, því mikils þurfti með á Reykjalundi. Meðal þess var að gefa Íslendingum óvenjulegt og einstakt tækifæri til að sækja sirkussýningu í Reykjavík. Og það meira að segja í vetrarbyrjun, því frumsýnt var sunnudaginn 21. október 1951. Hér var á ferðinni Cirkus Zoo, sem hingað var kominn á vegum SÍBS, Sambands íslenskra berkla sjúklinga, til fjáröflunar fyrir byggingarframkvæmdir á Reykjalundi. Áhugi almennings og undirtektir voru geysilega góðar, enda minna um ferðalög til útlanda en nú og þetta því nýnæmi. Ekki spillti fyrir að þetta hafði verið auglýst mjög rækilega, meðal annars með því að láta flugvélar draga auglýsingaborða í háloftunum yfir höfuðborginni, sem var nýjung hérlendis. Þetta fyrirtæki kom ekki hingað fyrirhafnarlaust. Að baki voru samningaviðræður, fundahöld og vonbrigði, þó segja megum að allt sé gott sem endar vel.

Hér verður þetta ævintýri rakið nokkuð ítarlega sem gott



dæmi um þá þrjósku og þrautseigju sem ríkti í fjáröflun fyrir SÍBS á þessum árum.

Þegar fundargerðum stjórnar SÍBS er flett er hægt að fylgjast með undirbúningi þessa máls, sem spannar hálf tólf ár og er til umræðu á alls sautján fundum stjórnarinnar. Þann 4. mars 1950, kom Sigurgeir Sigurjónsson lögfræðingur á fund stjórnar SÍBS og las bréf frá Svía, sem bauð fram sirkussýningu hér á landi í október það ár. Þetta fékk góðar undirtektir og var kosin nefnd, síðar yfirleitt kölluð Cirkusnefndin, en í henni voru Ólafur Björnsson, Árni Einarsson og Þórður Benediktsson. Nefndin hóf athugun á möguleikum á að fá sirkusinn hingað til lands, en yfirdýralæknir hafnaði erindinu að svo komnu, af ótta við aðflutta sjúkdóma. Erindið var svo ítrekað við stjórnina í maí og aftur í júní.

30. október 1950 var málið á dagskrá stjórnarinnar. Leyfi fyrir innflutningi dýranna var nú fengið frá yfirdýralækni. Rætt var



Ekkert var til sparad að auglýsa Cirkus Zoo. Hér dregur flugvél auglýsingaborða um loftin blá.



Forráðamein SÍBS voru mættir á hafnarbakkann. Hér heilsar Árni Einarsson sirkusstjóranum, Trolle Rhodin.

um mögulegt húsnæði og aðeins eitt talið koma til greina: Íþróttahúsið við Hálogaland. Gert var ráð fyrir að SÍBS fengi 45% af nettótekjum, sem áætlað var að næmu 60–70 þúsund krónum, skv. lauslegri áætlun. Trolle Rhodin, hinn sænski forstjóri Cirkus Zoo, mætti á fundinn, sýndi ljósmyndir af sýningardýrunum og svaraði fyrirspurnum. Ákveðið var að taka tilboði um komu sirkussins þann 12. nóvember. Þetta ber vott um mikla bjartsýni, aðeins hálfur mánuður til stefnu. Það fór líka svo að plásslaust var orðið í skipum á leið hingað vegna þess að dráttur varð á að innflutningsleyfi fengist. Var ákveðið að fresta komu sirkussins fram í febrúar 1951. Fljótlega kom í ljós að ómögulegt var að fá Hálogaland á leigu þann vetur og því varð heldur ekki af komu sirkussins þá.

Sumarið 1951 sátu fulltrúar SÍBS þing DNTC, norrænu berklasamtakanna, sem haldið var í Svíþjóð. Þeir notuðu tækifærið og áttu viðræður við Rhodin í Stokkhólmi. Þar voru þeir viðstaddir sýningu, sem þeir voru mjög hrifnir af. Bundið var fastmælum að sirkusinn kæmi til Íslands 16. okt. þetta ár. Forstjórinn mun koma með tjald og bekki, tjaldið rúmaði 2.000 áhorfendur. Mörg dýr voru sögð í ferðinni, t.d. ísbirnir, ljón, landbirnir og fleira.

Var nú tíðindalaust til hausts. Á stjórnarfundi 11. september

kvartaði Þórður Benendiktsson undan því að ekki hafi náðst í Rhodin forstjóra, hann svari hvorki bréfum né skeytum. Þetta sé bagalegt því ýmsar upplýsingar vanti ennþá. Þetta var rætt og jafnvel orðað að senda mann út til að afla þessara upplýsinga. Þann 21. sept. kom skeyti þar sem Rhodin segist ekki geta komið með ljónin og á skyndifundi stjórnar þann 23. september var upplýst að skipstjóri Gullfoss neiti að flytja ísbirnina. Á skrifstofu Eimskipafélagsins fengust upplýsingar um að skipið gæti ekki flutt allan þennan farangur í þessari ferð. Nú þótti stjórnarmönnum í mikið óefni komið og jafnvel líklegt að Rhodin ætli sér alls ekki að koma til landsins með sirkusinn. „... og fóru hörð orð í garð Rhodins af munni sumra ræðumanna.“ Sjálfsgagt var talið að einn eða jafnvel tveir menn færu utan til að hitta Rhodin.

Úr varð að Þórður Benediktsson og Árni Einarsson réðust til fararinnar, en nú var tíminn að verða knappur. Enn voru vandamál með flutninga og voru ýmsar leiðir kannaðar héðan að heiman á meðan þeir félagar voru úti, m.a. leiga á herflugvél með milligöngu bandaríska sendiherrans. Eini möguleikinn á því væri að flytja sirkusinn frá Þýskalandi, frá stað sem flugvélarsins fermdu og affermdu, t.d. Frankfurt eða Wiesbaden. Þá voru athugaðir samstarfsaðilar Flugfélags Íslands og Loftleiða,

## Konungur dýranna, fillinn Babar og tíu hvítabirnir

Þegar síðdegisblaðið *Vísir* kom á götuna eftir hádegi 3. október 1951 vakti ein fréttin á forsíðunni mesta athygli: *Ljón, fill og birmir koma væntanlega á vegum SÍBS*, stóð í fyrirsögninni. Þarna varð *Vísir* „fyrstur með fréttirnar“ eins og kjörorð blaðsins sagði til um. Greinilega hafði blaðið komist í feitt og vissi nánast allt um málið. Í fréttinni sagði að sirkusinn, sem blaðið kallaði reyndar dýrgarð, komi væntanlega með Drottningunni, þ.e. Drottning Alexandrine, þann 18. október.

12. október kom svo frétt í *Vísi* þess efnis að víst sé að SÍBS fái dýr til sýningar í Reykjavík. Að vísu kemur aðeins einn fill, en 15 til 20 tamin dýr, ljón, birmir og apar auk filnsins. *Vísir* greinir frá því að SÍBS hafi fengið leigt flugskýli við Skerjafjörð til sirkussýninganna. Þar verði sett upp tjald í skýlinu þar sem eru sæti fyrir 2.100 manns.

### Konunglegar móttökur

Föstudaginn 19. október kom Drottningin, farþega- og vörulutningaskipið sameinaða gufuskipafélagsins danska, til Reykjavíkur og var vel fagnað. Raunar var móttökuhöfni óvenju stórbrotin. Á bryggjunni biðu hundruð ungmenna og fór svo að lögreglan missti öll tók á krökkunum. Ungu fólkið hafði safnast niður á bryggju talsvert löngu áður en skipið sigldi inn í höfnina, unglingar klifruðu upp á vörustafana og biðu þar við kjöraðstæður eftir skipinu. Fljótlega var hafist handa um að skipa upp kössum og búrum með óargadýrum sirkusins og gekk það vel þrátt fyrir mannfjöldann á bryggjunni.

### Varnarlína lögreglunnar brást

*Morgunblaðið* segir frá komu sirkussins daginn eftir í skemmtilegri frásögn, og með fylgir ljósmynd hins frábæra ljósmyndara blaðsins, Ólafs K. Magnússonar. Myndbirtingar af innlendum viðburðum voru fátíðar á þessum árum, og birtust sjaldan svo nýjar sem þessi. Undir myndinni stendur: „*Hrifiungin og undrunin skein út úr hverju andliti við að sjá stærsta dýrið, sem til Íslands hefur komið, veifa rana sínum út úr kassanum, – og hrifningarópin fylgdu. –*“



Mikill mannfjöldi fylgdist með þegar sirkusdýrunum var skipað upp í Reykjavíkurhöfn.

„*Vakti það gífurlegan fögnuð áhorfenda er fillinn, sem var í rúmlega mannhæðarháum kassa, veifaði rananum út um gatið á kassanum, sem honum var gefinn maturinn í gegnum. Augun ætluðu þá út úr bórnum. En hrifiungin yfir því að sjá þessa sjaldsæðu „gesti“ mun hafa náð hámarki, er bjarnadýrin sáust. Eigandi þeirra þurfti að aðgæta eitt bjarnadýranna og opnaði hann einn kassann, en þá sást bjarnadýrið í allri sinni stærð. Hjer brást varnarlína lögreglumanna og á svipstundu var mikill fjöldi barna kominn að búrinu,“ segir í þessari skemmtilegu lýsingu Morgunblaðsins.*

*Tíminn* segir á forsíðu að á hafnarbakkanum hafi verið Arabar með Austurlandasvip á andlitinu og rauðar kollur á höfði. Þeir hafi sett sterkan svip á komuna, og verið eins og út úr ævintýrum þúsund og einnar nætur. *Tíminn* segir: „*Fyrst var ísbjörnunum skipað upp af þilfaninu. Voru þeir í kössum, sem hver um sig var eins og sjálfstæður járnbrautarvagn á hjólum. Voru vagnarnir bundnir hver aftan í annan og síðan lestin dregin upp af uppfyllingunni gegnum miðbæinn, eins og þar væri sjálfstæð járnbrautarlest á ferð.*

*Ísbirnir ráku sumir upp mikil hljóð er umsjónarmenn þeirra opnuðu kassana. Þeir kröfsuðu í járngrindurnar og börnin þyrptust í kring, svo að lögreglan var í hreinustu vandræðum í skyndiáhláupunum.“*

*Tíminn* segir að unglingskarinn hafi lostið upp miklu fagnaðarópi þegar hin risavaxna skepna frumskóganna birtist í búri sínu á bryggjunni. Ekki hafi fagnaðarlætin verið minni þegar fillinn rak ranann í allar áttir út um kassarifurnar eins og til að votta mót-tökunefndinni virðingu sína.

### Eins og járnbrautarlest um miðbæinn

Filnum í búri sínu var komið fyrir á stórum flutningabíl við skipshliðina og síðan ekið rակleidis suður í Skerjafjörð. Síðan var hver kassinn af öðrum tekinn úr skipinu, ásamt tjaldinu mikla, stærsta sirkustjaldi í Evrópu að sögn blaðanna, miklum útbúnaði og leiktækjum og öðru.

Strax eftir komu Cirkus Zoo til landsins var slegið upp veislu fyrir gestina á Hótel Borg, skemmtikrafta og stjórnendur. *Morgunblaðið* segir að þar hafi verið æði sundurleitur hópur. „*Ljóshærdar fimleikastúllkur frá Danmörku og Svíþjóð, snaggaralegir loftfimleikamenn, þeldökkrir Marokkomenn, krakkar og unglingar, og tæplega meters hár dvergur, pólskur,“* segir blaðið. Forstjóri fjölleikahússins hét Trolle Rhote og var sænskur. Flutti hann ræðu í kvöldverðarboði SÍBS. Ýmsir aðrir töluðu líka og var þar mælt á dönsku, sænsku, þýsku og egypsku.

*Morgunblaðið* segir að unnið hafi verið laugardegisnóttina að því að koma tjaldinu fyrir í flugskýli 3. Ætlunin var að frumsýning á Cirkus Zoo færi fram á laugardegnum. Henni varð þó að fresta það eð erfiðara reyndist að tjalda inni í flugskýlinu en menn reiknuðu með. Nærri 30 iðnarmenn og verkamenn höfðu unnið hörðum höndum alla nóttina við að koma upp tjaldinu. En ekki tókst að ljúka verkinu í tíma. Í skýlinu voru miklar pípulagnir og hitalagnir, auk þess sem leggja þurftu rafmagn og

bora þurfti gólfín til að koma fyrir slöngum. Tjaldið var engin smásmíði, 50 metra langt og 12 metrar á hæð. Frumsýnt var sunnudaginn klukkan 5 og var hvert sæti skipað. *Morgunblaðið* segir að dýrin hafi kunnað vel við sig þrátt fyrir að kalt var í veðri þessa daga, þau hafi verið fljót að jafna sig eftir sjóferðina, en flest þeirra munu hafa orðið sjóveik á siglingunni.

Cirkus Zoo reyndist afar vinsælt og fólk streymdi að, bæði Reykvíkingar og aðkomumenn. Kuldakastið sem gekk yfir hafði ekkert að segja um aðsóknina. Sýningaratriði voru 12 og vöktu 10 hvítabirnir, sem danskur unglundur stjórnaði, mesta athyglina. Þá hafði hafði fólk gaman af filnum Babar, sem hneigði sig fallega fyrir áhorfendum að loknu atriði sínu. Fögnuður áhorfenda á hverri sýningu var mikill og einlægur, enda hafði SÍBS veitt landsmönnum aðild að skemmtan sem til þessa hafði aðeins fengist erlendis, og á þessum tíma voru Íslendingar ekki byrjaðir að fara til annarra landa svo neinu næmi. Athygli vöktu auglýsingaborðar sem SÍBS lét flugvélar draga um loftin blá, þar sem fólk var minnt á sirkusinn. Þetta var nýjung hér á landi.

Sýningar stóðu yfir í réttan mánuð og lauk með sýningu fyrir vistmenn á Víflstöðum og á Reykjalandi. Eftir hana var tjaldið



Sirkustjaldið var sett upp inni í flugskýli 3 á Reykjavíkurflugvelli.

felt, dýrin og búnaður fluttur til skips og haldið til hafs. Áhorfendur voru rétt um 40 þúsund, sem var stórt brot af íbúum landsins.

Grein eftir Jón Birgi Pétursson í *SÍBS blaðinu* í apríl 2001.

Stytt með leyfi höfundar.


## Þórður Benediktsson

Þórður Benediktsson fæddist 10. mars 1898 á Grenjadarstað í Suður-Þingeyjarsýslu.

Hann hóf störf hjá Sambandi íslenskra berklasjúklinga 1943–1974 og var framkvæmdastjóri Vöruhappdrættis SÍBS frá stofnun þess 1949 til 1967. Hann var varaformaður stjórnar SÍBS 1946–1954 og formaður þess 1955–1974.

Þórður Benediktsson varð landskjörinn alþingismaður í haustkosningunum 1942. Kom hann til þings 14. nóvember, en varð að þingsetningardegi liðnum að hverfa frá störfum vegna berklaveiki. Átti hann ekki afturkvæmt til þings vegna heilsuleysis fyrr en 1. febrúar 1946, en sat þá á þingi þrjá mánuði í lok kjörtímabilsins. Þingsaga Þórðar varð því ekki löng.

Þórður setti svo sannarlega svip sinn á störf SÍBS. Sem þingmaður í veikindaforföllum tók hann sér sæti í „Kringlunni“ á Alþingi og ræddi við hvern einasta þingmann um mikilvægi þess að gjafir til vinnuheimilis SÍBS yrðu skattfrjálstar. Og þó fjárveitinganefnd hefðu fellt tillöguna gafst Þórður ekki upp. „Ég ætla að gera þessa vesalinga að forystuflokki í íslenskum félagsmálum. Hvorki meira né minna.“ Lögin náðust í gegn



og oftar átti Þórður eftir að sitja í Kringlunni og vinna málstað SÍBS fylgi, m.a. við stofnun Vöruhappdrættis SÍBS síðar, en þar lagði Gísli Jónsson málinu lið og fékk í framhaldi af því mikinn áhuga á starfi SÍBS.“

Þórður og Árni Einarsson, framkvæmdastjóri Reykjalundar, fluttu hingað Cirkus Zoo að vetrarlagi og unnu þrekvirki við undirbúning og framkvæmd

verksins, sem flestum fannst óðs manns æði. Þórður sagði að þeir hefðu unnið að þessu sem einn maður og nefndi hann meira að segja „EinBen“ eftir föðurnöfnum þeirra beggja.

Þá vann Þórður ötullega að stofnun Múlalundar í formannstíð sinni og fylgdist stöðugt með störfunum þar.

Eiginkona Þórðar var Anna Kamilla Benediktsson og áttu þau fjögur börn.

Þórður lést 14. apríl 1982.

far með *Arnafellinu* hingað og svo Drottningunni, *Dronning Alexandrine*, sem varð svo að lokum ofan á.

Hálfum mánuði síðar, 8. október, voru þeir félagar heim komnir með samning í höndunum.

Þórður sagði að betur hefði farið að Cirkusnefnd hefði ákveðið að þeir Ámi færu báðir út, enda hefði hvorugur treyst sér annars. Það hefði sannarlegar ekki verið á annars þeirra færi. Eftir mikla fyrirhöfn, snúninga og sálarstríð gátu þeir að lokum hafið samningsgerð við Trolle Rhodin, sem tók þó langan tíma, því Rhodin varð að leita víða um lönd til að fá ljón til að koma með og að lokum fékk hann þau í Englandi. Samningurinn kvað á um að hingað komi 25–30 manns með 15–20 villidýr og dvelji hérlendis í þrjár vikur. Þeim félögum var þakkað vel og samningurinn staðfestur af stjórn.

Síðan benti forseti á að nú þyrfti að láta hendur standa fram úr ermum. Sirkusinn kæmi eftir tíu daga en flugskýlið sem nota skyldi var langt í frá tilbúið. Þar vantaði t.d. vatn og frárennsli og alla hreinlætisaðstöðu. Að auki væri mjög margt ógert í undirbúningi. Cirkusnefndinni var falið að sjá um þetta og ráða sér fólk eftir þörfum.

Ekki er getið um þetta starf í smáatriðum í fundargerðum stjórnarinnar, en af ýmsu má ráða að þetta hefur verið mikið verk sem unnið var á skömmum tíma. 15.000 sýningarskrár voru prentaðar, 12 síður í litum. Aðgöngumiðar af nokkrum gerðum voru prentaðir, alls um 80.000 stykki. Mikið var lagt upp úr auglýsingum í öllum fjölmiðlum þess tíma en það var ekki látið duga, heldur var útbúinn sterkur auglýsingaborði og leigð flugvél til að fljúga með hann yfir höfuðborgarsvæðinu í tvígang. Ekkert var til sparað, enda vakti þessi atburður geysmikla athygli borgarbúa og landsmanna allra. Innflutningsleyfi fyrir sirkusinn var komið, ásamt gjaldeyrisleyfum til að greiða far- og flutningsgjöld, skemmtanaleyfi frá lögreglustjóra þurfti að fá ásamt heimild til að selja „tækifærisveitingar, sælgæti, öl og gosdrykki“ í flugskýlinu meðan á sýningum stæði. Þá fékkst niðurfelling á skemmtanaskatti af aðgöngumiðasölu. Allt hafðist þetta en tók sinn tíma.<sup>93</sup>

### Innflutningur skemmtikrafta


Gösta Nordgren, „Snoddas“ kom hingað frá Svíþjóð 1953, þar sem hann hafði skotist upp á stjörnuhimininn á skömmum tíma. Söngstíll hans var ekki óumdeildur og hann hafði ekki söngnám að baki heldur skaust upp á sænskan stjörnuhimin á einu kvöldi. Það var í útvarpsþættinum „Karuselen“ þar sem hann söng lagið sem þekktast var hér á landi undir heitinu: „Hadderian, haddera“, en fékk nafnið „Ástir sjóarans“ í ágætu ljóði Lofts Guðmundssonar. Hann hélt alls tíu tónleika og var uppselt á þá alla. Hann kom hingað til lands að eigin frumkvæði og þá engin laun fyrir önnur en ferðakostnað og upphald. Hagnaður af komu hans nam tæplega 82.000 krónum.<sup>94</sup> Blöð bæjarins fjölluðu

mikið um Snoddas og hann vakti athygli hvar sem hann fór. Framan af var það allt á jákvæðum nótum en undir lokin bar nokkuð á kvíksögum af ýmsu tagi. Varð SÍBS að birta reikningsyfirlit um tekjur og kostnað af söngskemmtununum til að sýna fram á kostnað á móti tekjum. Það var gert í *Alþýðublaðinu* 27. mars 1953. Að hluta snerist þetta þó um umboðsmanninn, Adenby, sem ýmsir grunuðu um græsku, en Gösta Nordgren sjálf-

ur var einlægt ljúfmenni, sem gekk gott eitt til með komunni hingað. Frægðarsól hans reis mjög hratt í Svíþjóð en ljómaði ekki mjög lengi. Hann hélt þó áfram að syngja allt fram á síðasta dag og skemmta þeim sem minna máttu sín, en hann lést aðeins 54 ára er hann var að skemmta á sjúkrahúsi í Svíþjóð 1981.

Skömmu síðar kom mjög þekkt söngkona frá konunglegu óperunni í Stokkhólmi, Hjördís Scymborg. Hún hélt söngskemmtun fyrir SÍBS í Þjóðleikhúsinu, 2. júlí, 1953 og gaf Reykjalundi allan hagnaðinn. Þjóðleikhúsið fékkst að auki frítt og starfsfólkið þar gaf vinnu sína þetta kvöld en húsfyllir varð. Hjördís fór upp að Reykjalundi nokkru áður og söng fyrir heimilismenn. Hún hreifst svo af staðnum og framkvæmdum þar að hún ákvað að halda þessa söngskemmtun til ágóða fyrir starfseminna þar. Þetta var eina söngskemmtun hennar hér á landi og fengu færri miða en vildu.<sup>95</sup>

Í nóvember þetta sama ár kom svo söngkonan Alice Babs og Charles Norman tríóið. Þetta listafólk var mjög þekkt um þessar mundir og naut mikilla vinsælda hér á landi. Kjartan Guðnason hafði átt leið til Svíþjóðar fyrr á árinu og náði þá samningum



## Múgsefjun og malbiksrokk

Hér verður sagt frá skemmtunum sem SÍBS stóð fyrir í byrjun máí árið 1957 undir nafninu „Tónaregn“. Fyrstu tónleikarnir, af líklega alls 11, voru haldnir í Austurbæjarbíó á sjálfan verkalyðsdaginn 1. maí 1957. Í fyrri hluta tónleikanna kom fram ný hljómsveit, *Kvintett Gunnars Ormslev* ásamt Helenu Eyjólfsdóttur, sem var aðeins fimmtán ára gömul. Í síðari hlutanum var svo ensk rokkhljómsveit, *Tony Crombie and his Rockets*, sem hingað var fengin af þessu tilefni, enda var rokkið að festa rætur og þegar farið að hneyksla marga.

Í *Morgunblaðinu* 3. maí 1957 stendur m.a.:

Fyrri hluti tónleikanna gat ekki verið þeim seinni ólíkari. Hljómsveit Gunnars Ormslev lék þar ýmis vinsæl dægurlög, sem nú eru eftir á vinsældalistanum austanhafs og vestan. ... En íslensku hljómsveitarmennirnir voru eins og líflausar vaxbrúður borið saman við Bretana, en flestir munu samt sem áður kjósa vaxbrúðurnar – þegar til lengdar letur.

Á tónleikunum söng Helena Eyjólfsdóttir nokkur lög við fagætlega góðar undirtektir áheyranda. Hún er aðeins 15 ára, en þar kemur í ljós að náttúrugaðan vaknar snemma, og Helena hefur hlotið ríkulegan skerf hennar í vöggugjöf. Kynnir var Ólafur Stephensen.

Svo var það seinnihlutinn:

### GÍFURLEG GEÐÆSING

Þessir tónleikar Tony Crombies voru hinir furðulegustu. Hljómsveitin er greinilega þrautþjálfuð og og mjög framfarlega í sinni röð. En það sem augljósast er þó er hve gifurlegir leikarar og látbragðslistamenn hljómsveitarmennirnir eru og hve undursýnt þeim er um að leika á allar tilfinningar og geðofsa áheyranda. Var svo komið í fyrradag á hljómsveitunum að nær allt húsið sönglaði rokklögin, sem hljómsveitin lék hástöfum og fylgdi söngvara hljómsveitarinnar, sem söng fyrir til hins ýtrasta ... hrópin og köllin, blístrið og ýlfríð yfirgnæfði stundum hinn taktfasta rokkslátt hljómsveitarinnar, húfum, höttum og yfirfrökkum var þeytt hátt í loft upp, unglingar stóðu upp í sætum sínum, böðuðu út höndunum og hrópuðu með mögnuðu hljómfallinu, unz hámarkinu var náð, þegar hópur unglinga stókk upp og tók til að rokka með æðisgengnu háttalagi um allan salinn. Hlupu þá lögregluþjónar framan frá dyrum salarins niður gangana og stilltu til friðar.

### ROKKDANS Á MALBIKI

En hljómsveitin var þá greinilega örmagna orðin, hljómsveitarmennirnir höfðu sumir farið úr jökkunum og aðrir lagzt á gólfid af ofþreytu að ætla má, og augljóslega var ekki þurr þráður á neinum þeirra.

Að hljómsveitunum loknum neitaði mannföldinn að fara út, en söng og stappaði í um hálf tíma og heimtaði meira spil. Ekki vildu Englendingarnir þó leika meira þar sem þeir voru örmagna eftir það sem á undan var gengið og lögdust nokkra

stund til hvíldar að boði framkvæmdastjóra hljómsveitarinnar. Dreif þá mannföldinn út úr húsinu og hóf rokkdans á malbikinu fyrir utan kvikmyndahúsið. En tónlistina vantaði og innan stundar fóru hinir ungu dansendur hver heim til sín og lögdust rokkmóðir til hvíldar eftir erfiðri kvöldins.

Öll dagblöðin, sem voru fimm á þessum tíma, fjölluðu um tónleikana og yfirleitt á heldur jákvæðum nótum, enda var öllum mikið í mun að SÍBS fengi sem mestan hagnað út úr þessum skemmtunum sem voru haldnar 10 eða 11 sinnum alls og skiluðu góðum hagnaði.

Í *Vísí* segir 2. maí:

Eftir hljómsveitunum í gærkvöldi varð að loka Tony Crombie og hljómsveitarmenn hans inni í hálf tíma til að láta þá jafna sig, því þeir voru útkeyrðir eftir hljómsveitunum, enda lágu þeir ekki á liði sínu frá fyrsta takti til hins síðasta, en aðdáendur sóttu fast eftir að komast í kynni við þá.

Annað eins rokk hefur hefur aldrei heyrst hér, sögðu hinir hrifnu rokkarar, sem í rokkvímum byrjuðu að rokka á Snorrabraut eftir að eftir að hljómsveitunum lauk.

En svo þegar líður að lokum kveður „Spói“ sér hljóðs á síðum *Vísí* og segir sína skoðun á málinu undir fyrirsögninni:

### MÚGSEFJUN, ÖSKUR OG HÁVAÐI

Þegar hafa verið haldnar níu Tónaregnsskemmtanir og þá kominn tími til að minnst á fyrirbrigðið án þess að slík ummæli þurfi að hafa skaðvænleg áhrif á gróða aðstandenda. Hljómsveitarnir upphéfst með leik Gunnars Ormslev og félaga hans. Hljómsveitin er skipuð afbragðsgóðum einstaklingum, en sem hljómsveit hefur hún enn ekki náð saman. Annars var hlutverk hennar á þessum hljómsveitum fyrst og fremst, að annast undirleik fyrir hina fimmtán ára gömlu dægurlagasöngkonu Helenu Eyjólfsdóttur.

Helena er bráðefnileg söngkona með geðþekka framkomu og verður gaman að heyra til hennar eftir eitt tvö ár.

Síðari hluti tónleikanna var undirlagður af „Tony Crombie and his Rockets“.

Ofboðslegur hávaði, æðisgengin öskur og algjör múgsefjun. Þannig gæti stutt lýsing á síðari hluta hljómsveitanna hljóðað. Það var ekki stanzað frá fyrsta lagi til hins síðasta. Hama-gangurinn óskaplegur, en músikgæðin harla lítil.

... Ég á eiginlega bágð með að trúá því að SÍBS sé viðriðið þessi ösköp. Sé svo, þá vona ég að húsfyllir verði þessi kvöld sem eftir eru, því hver vill ekki styðja SÍBS?

Tónaregnið skilaði SÍBS um 80.000 krónum í hreinan hagnað sem þótti mjög gott.

Samantekt Péturs Bjarnasonar í *SÍBS blaðinu*, 1. tbl. 2010, nokkuð stytta.